Vöruupplýsingar

DOT 4 Bremsuvökvi

LÝSING

Liqui Moly DOT 4 er tilbúinn bremsuvökvi, byggður á glýkóleterum, alkýlpólýglýkólum og glýkóleteresterum.
Hann inniheldur efni sem tefja tæringu málmíhluta í bremsukerfum og draga úr oxun við hátt hitastig.
Þetta hindrar myndun súrra niðurbrotsefna. Liqui Moly DOT 4 bremsuvökvi var þróaður sérstaklega til að lengja líftíma íhluta í vökvabremsukerfum og kúplingum í farartækjum. Liqui Moly DOT 4 bremsuvökvi hefur hátt suðumark, bæði hreinn og eftir rakaídrátt, og tryggir þannig örugga hemlun eftir langa notkun. Sérstakir rakaeyðar hindra að gufubólur geti myndast. Liqui Moly DOT 4 bremsuvökvi hentar afar vel til notkunar í ABS bremsukerfum.

EIGINLEIKAR

- Mjög hátt suðumark, bæði hreinn og eftir rakaídrátt
- Frábær vörn gegn gufubólumyndun
- Mjög stöðugur við lágt hitastig
- Afar góðir seigju/hita eiginleikar
- Hefur ekki neikvæð áhrif á mjúk gúmmí- og plastefni
- Tryggir mjög góða smurvirkni á alla hreyfanlega íhluti í vökvabremsukerfum
- Mjög góður stöðugleiki við hátt hitastig yfir allan notkunartímann
- Blandast fullkomlega við aðra vandaða tilbúna bremsuvökva
- Fer fram úr eftirfarandi kröfum: SAE J 1703, J 1704; ISO 4925; CUNA NC 956-01 og FMVSS 571.116 DOT 4

TÆKNILÝSING

Litur	: Gulur
ERBP ISO 4925.6.1	: > 230 °C
ERBP, rakur ISO 4925.6.1	: > 155 °C
Kínematísk seigja við -40 °C ISO 4925.6.2	: < 1,800 mm2/s
Kínematísk seigja við +100 °C ISO 4925.6.2	: = 1.5 mm2/s
Eðlismassi við 20 °C ASTM D 941	: 1.02 - 1.07 g/ml
pH gildi ISO 4925.6.3	: 7 - 10.0

PI 04/07/07
Upplýsingar okkar eru byggðar á ítarlegum rannsóknum og teljast því áreiðanlegar, en eru þó ekki lagalega bindandi.

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Vöruupplýsingar

DOT 4 Bremsuvökvi

Hitastöðugleiki

Breyting á ERBP ISO 4925.6.4	: = 3 °C

Efnafræðilegu stöðugleiki

Breyting á ERBP ISO 4925.6.6	: = 3 °C

Uppgufun við 100 °C ISO 4925.6.7

- Tap	: < 60 % af massa
- Leifar	: Engar útfellingar
- Rennslismark leifa	: < - 5
- Líftími í óopnuðum umbúðum	: 1 ár

NOTKUNARSVIÐ

Liqui Moly DOT 4 bremsuvökvi hentar afar vel á öll diska- og skálabremsukerfi, sem og kúplingar í faratækjum sem gerðar eru fyrir tilbúna bremsuvökva.

Athugið: Fylgið leiðbeiningum og kröfum framleiðenda farartækjanna!

LEIÐBEININGAR

Við Liqui Moly DOT 4 bremsuvökva má nota allan venjulegan búnað við skipti á bremsuvökva.
Liqui Moly DOT 4 bremsuvökvi blandast fullkomlega við alla aðra vandaða tilbúna bremsuvökva.

Lengstur líftími fæst þó með vökvanum óblönduðum.

Mælt að með að skipt sé um vökva í samræmi við kröfur framleiðenda farartækjanna.

UMBÚÐASTÆRÐIR

DOT 4 Bremsuvökvi	250 ml	Vörunr. 3091
	500 ml	Vörunr. 3093

PI 04/07/07
Upplýsingar okkar eru byggðar á ítarlegum rannsóknum og teljast því áreiðanlegar, en eru þó ekki lagalega bindandi.

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is